

Umsögn um tillögu biskupafundar varðandi sameiningu Breiðabólstaðar- og Melstaðarprestakalla.

Miðvikudaginn 23. febrúar sl. tók sóknarnefnd Breiðabólstaðarsóknar til umræðu tillögu biskupafundar, dagsetta 2. nóvember 2021, varðandi sameiningu Breiðabólstaðar- og Melstaðarprestakalla.

Tillagan gengur efnislega út á að Breiðabólstaðar- og Melstaðarprestaköll verði sameinuð. Það kemur ekki fram í tillögunni sjálfri hvort hinu sameinaða prestakalli verði þjónað af einum presti eða tveimur en undanfarna áratugi hefur einn prestur þjónað hvoru prestakalli um sig. Hins vegar má lesa í greinargerðinni að einungis er gert ráð fyrir einum presti í sameinuðu prestakalli þrátt fyrir að það gangi gegn stefnu biskupafundar um sameiningu prestakalla þar sem fleiri prestar vinni saman og jöfnun á þjónustubyrði milli presta. Þarna leggur því biskupafundur fram tillögu sem gengur gegn eigin stefnu og hugmyndafræði.

Samstarf hefur verið á milli prestakallanna um margra ára skeið t.a.m. í barna- og æskulýðsstarfi, fermingarfræðslu, öldrunarstarfi, vitjunum og kapellustundum á sjúkrahúsi, heimsóknarvinastarfi, kirkjukórastarfi o.fl. Allt þetta starf hefur verið rekið meira og minna á Hvammstanga enda er þar staðsettur leikskóli og grunnskóli sveitarfélagsins sem og sjúkrahús og heilsugæsla héraðsins auk íbúða og félagsstarfs fyrir aldraða. Sóknarnefnd Breiðabólstaðarsóknar telur mjög mikilvægt að þetta samstarf haldi áfram og ætti að hafa allar forsendur til þess án þess að til sameiningar prestakalla komi.

Í ljósi þess, sem kemur fram í greinargerð með nefndri tillögu, þ.e. fækkun stöðugilda þjóðkirkjunnar í hinu sameinaða prestakalli vill sóknarnefnd Breiðabólstaðarsóknar koma á framfæri áhyggjum sínum af slíkum niðurskurði og skertri þjónustu þjóðkirkjunnar á landsbyggðinni. Þar er um byggðamál að ræða og hvert starf á landsbyggðinni er afar dýrmætt og mikilvægt fyrir samfélagið og byggðina. Það er erfitt að bera saman störf presta í hinum dreifðu byggðum og presta á höfuðborgarsvæðinu. Prestar á landsbyggðinni þurfa t.d. oft að fara um langan veg til að sinna vitjunum, fundahöldum, prestsverkum og helgihaldi og þjóna þannig mörgum sóknum. Prestarnir í Breiðabólstaðar- og Melstaðarprestakalli sinna helgihaldi í 12 Guðshúsum, þjóna í 8 sóknum og starfa með 8 sóknarnefndum. Kirkjuleg þjónusta mun óhjákvæmilega skerðast verulega ef einn prestur verður látinn bera þá byrði sem áður var á herðum tveggja presta og mun þá álagið augljóslega aukast mjög mikið á þann prest sem eftir situr í sameinuðu prestakalli eins og lagt er upp með í tillögu biskupafundar. Af ofangreindum ástæðum leggur sóknarnefnd Breiðabólstaðarsóknar ríka áherslu á að sóknarpreststaðan sem losnar þegar sóknarpresturinn á Melstað lætur af störfum

verði auglýst þannig að sá sóknarprestur sem ráðinn yrði gæti þá haldið áfram því samstarfi sem verið hefur á milli Breiðabólsstaðarprests og Melstaðarprests. Þeir gætu þá létt undir hvor með öðrum í reglubundu helgihaldi og safnaðarstarfi, skipt með sér vöktum og leyst hvorn annan af í helgar- og sumarleyfum og þar með haldið áfram eðlilegri og góðri þjónustu við sín sóknarbörn eins og þjóðkirkjunni ber að gera.

Að teknu tilliti til ofangreindra þátta; þ.e. fækkun stöðugilda, skertri þjónustu við sóknarbörn og auknu álagi á eftirsitjandi prest lýsir sóknarnefnd Breiðabólsstaðarsóknar sig alfarið á móti sameiningu prestakallanna.

F.h. sóknarnefndar Breiðabólsstaðarsóknar

Ingveldur Ása Konráðsdóttir, formaður